

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 08/2019
Fundarritari: Kristinn Ólafsson	
Mættir: Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Jón Halldór Jónasson (JHJ) formaður upplýsingaráðs Jón Ingvar Bragason (JIB) formaður alþjóðaráðs Sævar Skaptason (SS) formaður fjármálaráðs Hrafnkell Úlfur Ragnarsson (HÚR) fyrir hönd ungmennaráðs Þórhallur Helgason (PH) fyrir hönd dagskrárráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS	Fundarstaður: Hraunbær 123 Dags: 9. maí 2019 Frá kl. 08:00-11:00
Fjarverandi: Harpa Ósk Valgeirdóttir (HÓV) formaður dagskrárráðs Ásgerður Magnúsdóttir (ÁM) formaður ungmennaráðs Sigríður Ágústsdóttir (SÁ) skrifstofustjóri BÍS	
Gestir: Fulltrúi dagskrárráðs: Þórhallur Helgason Fulltrúin ungmennaráðs: Hrafnkell Úlfur Ragnarsson	

Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn.	MM
1	2	Fundargerð síðasta fundar Fundargerðir eru sendar til stjórnarmeðlima og ef ekki koma athugasemdir innan þriggja daga frá sendingu teljast þær samþykktar.	SÁ
20	3	Minnispunktur framkvæmdaráðs (formaður, gjaldkeri og framkvæmdastjóri) <ol style="list-style-type: none"> Umræður um framkvæmdaráð, markmið, hlutverk og skipan í ráðið. Markmið verkefnis: Skátahöfðingi, gjaldkeri (þ.e. formaður fjármálaráðs) og framkvæmdastjóri mynda framkvæmdaráð BÍS. Framkvæmdaráðið er framkvæmdastjóra til stuðnings og fulltingis við afgreiðslu mála. Framkvæmdastjóri eða skátahöfðingi boða framkvæmdaráð til fundar þegar þörf krefur. Framkvæmdaráð vinnur í umboði stjórnar BÍS og afgreiðir mál í anda hennar. Ef vafi leikur á um stefnu stjórnar BÍS í einstökum málum eða ef ágreiningur er um afgreiðslu mála í framkvæmdaráði ber 	MM/SS /KÓ



SKÁTARNIR

		<p>ráðinu að skjóta viðkomandi máli til stjórnar BÍS. Framkvæmdaráð heldur skrá yfir afgreiðslu mála og gerir stjórn BÍS grein fyrir störfum sínum.</p> <p>Tilgangur með starfi framkvæmdaráðs er, auk stuðnings við framkvæmdastjóra, að fækka afgreiðslumálum á fundum stjórnar BÍS og þar með skapa stjórninni aukin tækifæri til sinna stefnumótun og eftirfylgni.</p> <p>2. Gögn lögð fram um:</p> <ol style="list-style-type: none">1) Rekstrarsamning við MMR2) Samning við SSR um Tjaldaleiguna3) Samningur Úlfljótsvatns við Kolviðarskóga4) Umsögn skipulagsfulltrúa v/Hádegismóa <p>Stjórnin gerir engar athugasemdir við þessi gögn eða samninga.</p>	
90	4	<p>Stjórnsýsla</p> <p>Áhersla og stefnumarkmið stjórnar í eftirfarandi málum 2019-2020: Stefnumarkmið stjórnar og aðgerðaráætlanir í hverjum málaflokki voru ræddar og komst stjórn að sameiginlegri niðurstöðu um meginmarkmið. Verkefnið er í vinnslu og er gert ráð fyrir að ítarleg áætlun verði tilbúin til birtingar fyrir félagsfóringjum stuttu eftir stjórnarfund 6. júní nk.</p> <ul style="list-style-type: none">• Útbreiðsla skátastarfs Umsjón: Erindrekar, DÝÓ og JHJ• Uppeldis- og menntunaraðferðir - Dagskrá og þjálfun Umsjón: HÓV og BN• Alþjóðastarf Umsjón: Alþjóðaráð• Samfélagsleg áhrif Umsjón: Ungmennaráð• Samskipti og almannatengsl Umsjón: JHJ og RÝS• Stjórnskipulag og stjórnsýsla Umsjón: MM og SS• Efling ungs fólks til virkrar þátttöku og áhrifa Umsjón: Ungmennaráð• Mannauðsmál Umsjón: BN, JHJ, MM og SÁ <p>Lagt er til að allar fundargerðir ráða og vinnuhópa verði sendar til Sigríðar sem setur það inn í fundargerðir stjórnar til upplýsinga.</p>	Allir
15	5	<p>Viðburðir og fræðsla</p> <ol style="list-style-type: none">1. Skátaskólinn. Stefna og tilhögun.	BN



SKÁTARNIR

		<p>Ákveðið var að auglýsa eftir skólastjóra Skátaskólans. Stefnt er að því að ráða í stöðuna sem fyrst. Einnig er unnið að skipun í stjórn skátaskólans.</p> <p>2. Startpakki skátastarfs</p> <p>Félagaráð vinnur að gerð startpakkans. Margrethe erindreki hefur komið að þessari vinnu og stefnt er að því að tillögur liggi fyrir fljótlega.</p>	DÝÓ
5	6	<p>Mannauðsmál</p> <p>1. Umsóknir í stýrihóp heimsmarkmiða í skátastarfi. Tengiliður stjórnar við vinnuhóp (MM) leggur til allar umsóknir verði samþykktar.</p> <p>Umsækjendur:</p> <ul style="list-style-type: none">• Ásgerður Magnúsdóttir, Svanir/Kópar• Halldór Valberg Skúlason, Svanir• Kolbrún Ósk Pétursdóttir, Garðbúar• Ragnheiður Ásta Valgeirsdóttir, utan félags• Salka Guðmundsdóttir, Mosverjar• Þórhildur Magnúsdóttir, Kópar <p>2. Formaður alþjóðaráðs</p> <p>Jón Ingvar Bragason hverfur af landi brott til starfa hjá WOSM og því þarf að finna eftirmann. Samkvæmt lögum BÍS skal auglýsa embættið laust og næsti félagsforingjafundur skipar í stöðu formanns alþjóðaráðs. Lagt til að uppstillingarnefnd auglýsi embættið laust og finni hæfan einstakling til að taka við verkefninu.</p> <p>Erinrekar:</p> <p>1. Sigurgeir B Þórisson og Margrethe Grönvold-Friis komu inn á fundinn og gerðu grein fyrir þeim verkefnum sem þau hafa verið að vinna og hvað er framundan. Margrethe hefur verið að undirbúa „startpakka“ fyrir skátafélög. Einnig hefur hún unnið að gerð verkefna á Úlfjótuvatni ásamt Tinnu Maríu Halldórsdóttur dagskrárstjóra Úlfjótsvatns um heimsmarkmiðin. Sigurgeir hefur endurskoðað námsefni og dagskrá námskeiða fyrir forstöðumenn sumarnámskeiða skátafélaganna.</p>	Allir
	7	<p>Afgreiðsla mála</p> <p>1. Frá 7. stjórnarfundi BÍS 9. apríl 2019: BÍS setji sér stefnu um umhverfismál og fylgi henni eftir. Ungmennaráð lagði fram tillögu og var hún rædd. Gerðar voru minni háttar athugasemdir. Verður unnið áfram.</p> <p>2. Umboð til að hafa Agora á Íslandi á næsta ári.</p> <p>Um er að ræða ungmennahólf WOSM í Evrópu með um 50 þátttakendum sem myndi fara fram á Úlfjótuvatni í apríl 2020. Samþykkt var rafrænt milli stjórnarfunda nr. 7 og 9 að bjóða að næsta Agora verði haldið á Íslandi.</p>	ÁM Allir
	8	<p>Önnur mál</p> <p>1. Málefni upplýsingaráðs</p> <p>JHJ kynnti hugmyndir að halda vinnufund þar sem fulltrúar upplýsingaráðs, starfsfólk BÍS og áhugasamir skátar myndu setjast</p>	JHJ



SKÁTARNIR

	<p>niður og ræða samskiptastefnu BÍS og hvernig við viljum koma skátastarfinu á framfæri. Hver eru okkar skilaboð og hvernig er best að koma þeim á framfæri. Fundurinn verður haldinn þriðjudaginn 28. maí kl. 18 í H123.</p> <p>2. Málefni ungmennaráðs Fulltrúi ungmennaráðs lagði fram tillögu um umhverfisátak rekka- og róverskáta. Ánægja er með framtakið og þau hvött til að vinna það áfram í samráði við stýrihóp heimsmarkmiða.</p> <p>3. Ungmennaverkefni Evrópuráðs Fyrir liggur að fjárframlög til ungmennaverkefna Evrópuráðs verði skorin niður. Ungmennaráð lýsir yfir áhyggjum sínum og að þau óski eftir umboði stjórnar til að hafa samband við fulltrúa Íslands í Evrópuráði og hvetja þau til að beita sér gegn þessum niðurskurði.</p> <p>4. FOSE Móttaka verður á Bessastöðum 21. maí n.k. FOSE meðlimir hafa fengið boð með tölvupósti.</p>	HÚR HÚR
	Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.	

Viðburðir og verkefni framundan:

maí '19	24.-26.	Skátapepp dróttskáta
maí '19	25.-26.	Gilwell 5. skref -fellur niður
maí '19	??	Verndum þau námskeið
maí'19	??	Skyldur stjórnenda sumarnámskeiða
maí/júní'19	??	Námskeið fyrir sumarstarfsfólk
júní '19	1.-2.	Drekaskátamót á Úlfjótuvatni - OFURHETJUÞEMA
júní '19	2.	Sjómannadagurinn
júní '19	7.-10.	Vormót Hraunbúa
júní '19	9.	Hvítasunnudagur
júní '19	18.-28.	Sumarbúðir dróttskáta Úlfjótuvatni
júní '19		Viðeyjarmót Landnema verður EKKI haldið sumarið 2019
júní '19		Skyldur stjórnenda sumarnámskeiða
júní '19		Námskeið fyrir sumarstarfsfólk
júní '19		Félagsstjórnarnámskeið - Ábyrgð og skyldur stjórnarmanna
júlí '19	4.-7.	Afmælismót SSR
júlí-ágúst '19	27.7.-2.8.	World Scout Jamboree
ágúst'19	??	Öræfalíf rekkaskáta - í samstarfi við Landsbjörgu?
ágúst'19	30.8.-1.9.	Sumar-Gilwell 1. og 2. skref
ágúst-sept'19	??	Uppskeruhátíð rekkaskáta v/forsetamerkis (í kynningarvikunni)
sept'19	??	Forsetamerkisafhending
sept'19	??	Verndum þau námskeið
okt'19	5.-6.	Gilwell 1. og 2. skref
okt'19	19.-20.	Skyndihjálparnámskeið
nóv'19	3.	Gilwell 4. skref
nóv'19	2.	Fálkaskátadagur
nóv'19	2.	Afmæli skátastarfs